



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Starfsáætlun Grænuborgar

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
Greinargerð leikskólastjóra	3
Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	6
Innra mat Dropadeildar	12
Innra mat Mánadeildar	14
Innra mat Stjörnudeildar	18
Innra mat Sólskinsdeildar	21
Innra mat sérkennslu	23
Innra mat – fjöltyngd börn	24
Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	25
Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	26
Foreldrasamvinna	26
Skipulagsdagar og leikskóladagatal	27
Fylgigögn	27
Fylgiskjal - skóladagatal	27
Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs	27



Leiðarljós leikskólans

Í leikskólanum Græ nuborg er lögð áhersla á að skapa góðar og öruggar leik- og námsaðstæður þar sem öllum líður vel. Gildi leikskólans eru í hávegum höfð í öllu starfinu, en þau eru virðing - gleði - vinsemd - umhyggja.

Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2020 -2021 fór ágætlega af stað en svo kom Covid19 aftur með öllum sínum takmörkunum á samkomum, sem auðvitað setti sinn svip á allt starf í skólanum á skólaárinu. Leikskólanum var skipt í tvö hólfi, þar sem helmingur barna og fullorðinna var í hvoru hólfi. Þetta gerði það að verkum að börn og starfsfólk hafði ekki aðgang að öllum svæðum skólans - það voru færri fermetrar fyrir hvern og einn, til að mynda þurfti að taka listasmiðjuna alfarið undir kaffistofu og vinnuherbergi starfsmanna í því hólfi. En líkt og önnur ár var lögð áhersla á að gleði og metnaður í starfseminni allri væri alsráðandi og unnin voru með ýmskonar fjölbreytt verkefni - skólastarfið aðlagði sig eins og hægt var að þessum ytri óviðráðanlega þætti.

Það voru um það bil 75 börn í Græ nuborg á hverjum tíma á skólaárinu, en þónokkur hreyfing var á barnahópnum, það voru nokkur börn sem fluttu á milli sveitafélaga og ný börn komu í þeirra stað. 1. febrúar 2021 voru skráð 74 börn í skólann sem voru fædd frá janúar 2015 til nóvember 2019, 33 stúlkur og 41 drengir. Flest barnanna voru skráð í 8,5 stunda vistun eða 38% þeirra, 30% barnanna voru í 8,0 stunda vistun, 10% barnanna voru í 9 stunda vistun, önnur börn voru í styttri vistun. Í skólanum voru töluð 15 tungumál.

Á sama tíma, 1.febrúar 2021, störfuðu 20 manns í Græ nuborg í rúmlega 16 stöðugildum auk sérkennslu. Tólf manns voru í 100% starfi, aðrir í 40 - 80% eða í tímavinnu. Það voru um það bil 3,5 - 4 stöðugildi á hverri deild, fastar stöður, undirbúnings- og veikindaafleysing. Tveir starfsmenn hættu í leikskólanum um áramót og einn starfsmaður kom þá úr fæðingarorlofi og einn nýr starfsmaður hóf störf.

Deildar- og deildastjórafundir voru á dagskrá hálfsmánaðarlega. Starfsmannafundir voru haldnir á samstarfs- og skipulagsdögum. Samkvæmt deildarstjórum féllu deildarfundir eitthvað niður vegna ýmissa anna, það er því miður ekki til tölfræði um það. Undirbúningstímar héldust að mestu, en því miður var eitthvað um að þeir féllu niður vegna manneklu, við eigum því ekki tölfræði um hversu oft það var. Eftir að sett var samkomubann notaðist stjórnendateymi skólans við Microsoft Teams til funda og reyndist það mjög vel í flestum tilfellum, auk þess voru samstarfs- og skipulagsdagar flestir á Teams.



Samstarfs- og skipulagsdagar voru nýttir í fundi og fræðslu. Haldnir voru starfsmanna- og deildafundir á öllum dögum. Á einum skipulagsdegi var fræðsla frá Vöndu Sigurgeirsdóttir um félagsfærni í leikskólum, á öðrum skipulagsdegi fór allt starfsfólk á Menningarmót – ýmsir fyrirlestrar – sem haldið var rafrænt af Skóla- og frístundasviði.

Vegna Covid19 hafa foreldrar lítið sem ekkert komið inn í leikskólann á árinu og allflestir viðburðir með þátttöku foreldra hafa fallið niður. Þó hafa flest foreldraviðtöl haldið sér, ýmist á staðnum eða á netinu. Þessi þáttur hefur reynt þó nokkuð á, þessu litlu daglegu samskipti á milli foreldra og starfsmanna skólans, og sýnt okkur hversu nauðsynlegt það er að mynda þau tengsl sem fylgja þessum dags daglegu samskiptum. Stjórn foreldrafélagsins pantaði hestaheimsókn fyrir börnin í júní, þannig að öll börn sem það vildu, komust á hestbak í garðinum í Græ nuborg.

Margt af því sem gert hefur verið fyrir utan hefðbundið starf leikskólans undanfarin ár féll niður vegna ástandsins, en þó ekki allt því að elstu börnin í leikskólanum komust á leiksýningu í Borgarleikhúsin, á sýningu í Norræna húsinu auk þess sem þau tóku þátt í verkefninu Fuglinn sem gat ekki flogið á listasafni ASÍ. Elstu börnin komust í heimsókn í hverfa grunnskólann og komust þau einnig í útskriftarferð. Farið var í margar gönguferðir um bæinn, farið í bókasafnið þegar það mátti og var jólaballið fært út til að allir gætu tekið þátt í því.

Á árinu var áfram unnið að endurbótum á húsnaðinu, settur var nýr dúkur á Mánadeild og hún máluð. Og erum við að vonast til þess að skipt verði um gólfefni í eldhúsinu í sumar, það er þó ekki ennþá alveg ljóst. Barnavinafélagið Sumargjöf stóð fyrir endurgerð á framgarði leikskólans þar sem skipt var um undirlag og sett upp ný leiktæki, garðurinn gengur undir nafninu Leynigarðurinn.

Haldið hefur verið áfram með að gera ný skemu til að meta nám og velferð barna, og voru þau prufukeyrð á árinu. Þau voru metin og endurbætt, sú vinna mun halda áfram. Auk þess var haldið áfram að endurbæta foreldraviðtalsblöð skólans og verður bæði skemað og foreldraviðtalsformin endurmetin á skólaárinu.

Skólastarfið hefur verið metið á ýmsan hátt á árinu. Innra mat fór að mestu fram á starfsmanna-, deildar- og deildastjórafundum. Var þá verið að meta ýmsa þætti í starfinu, bæði líðandi atburði sem og þætti sem náðu til lengri tíma. Þar á meðal má nefna að rýnt var í álag, hvað er það, hvað er gott starf og hvernig höldum við því sem gefst vel, hvernig komum við upplýsingum um stafið frá okkur, félagsfærni hvernig erum við að vinna með hana. Almennt tók allt starfsfólk þátt í þannig mati. Hver deild setti umbótaþætti til að vinna að á skólaárinu auk þess sem skólinn setti sér umbótaþætti fyrir veturinn. Sumt af þessu gekk vel á meðan annað féll meira og minna niður vegna ástandsins, en þeir þættir hafa þá verið settir aftur á dagskrá á komandi ári.



Starfsfólk leikskólans fór í styttingu vinnuvikunnar. Kosið var í vinnuhóp haustið 2019 sem kom með tillögur um hvernig hægt væri að hafa styttinguna, kosið var um þær tillögur í nóvember. Samkvæmt niðurstöðum kosningar var farið í fulla styttingu og styttingin hjá flestum starfsmönnum leikskólans tekin út hálfsmánaðarlega. Byrjað var á að prufa þetta fyrirkomulag frá 1. desember. Styttingin er sífellt í endurskoðun og hafa verið gerðar ýmsar breytingar þó mest hjá þeim sem eru í hlutastarfi.

Ytra mat fór fram á vegum borgarinnar á meðal starfsmanna leikskólans á árinu, auk þess lagði Reykjavíkurborg viðhorfskönnun fyrir foreldra barna í leikskólanum.

Hver deild fyrir sig hefur sett upp ákveðna úrbótaþætti sem unnið verður að á komandi ári, sjá nánar í innra mati fyrir hverja deild. Skólinn allur mun auk þess hafa ákveðna umbótaþætti til að vinna sameiginlega að. Unnið verður áfram að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur á árinu og hefur vegna þessa verið sótt aftur um styrk í A hluta þróunarsjóðs. Styrkurinn verður nýttur til að vinna með félagsfærni, virkni barna og þátttöku þeirra. Við munum athuga hvernig við kynnum og rýnum Menntastefnu borgarinnar, þannig að hún falli vel að starfinu, skoðað verður hvort við þurfum að breyta einhverju eða bæta eitthvað í skólastarfinu í heild sinni þannig að Menntastefnan skíni betur í gegn og verði sjáanleg í öllu starfi

Haldið verður áfram að rýna í leik og nám barnanna, úrbótaþáttur sem hefur verið í vinnslu undanfarið og mun halda áfram – er leikurinn á forsendum barnanna og hvernig er aðgengi þeirra að efniviðnum. Sú vinna hefur verið í gangi á líðandi skólaári og gengið mjög vel og mikið hugað að frjálsu flæði barnanna og að þau hafi sjálf áhrif á það hvað er í boði og hvað þau vilja gera og er skólinn þar með að vinna með lýðræði í skólastarfi, aðkoma barnanna að því hvernig leikskólastarfið er. Við viljum að virðing og metnaður sé sjáanlegur í öllu leikskólastarfinu, bæði hjá börnum og fullorðnum, umræður um það hvernig það er gert – hvernig maður vandar sig í samskiptum mun því alltaf vera framalega í starfinu.

Við munum, á skólaárinu halda áfram með hluti frá fyrra ári, eins og t.d. að rýna í álag í leik og starfi, hvað er það og hvað getum við gert til að minnka það. Við munum rýna í samvinnu innan skólans, á milli deilda, á því hefur verið viss áhugi. Það var einnig gert á líðandi skólaári, útkoman var aðallega sú að ekki var mikið svigrúm til þess í amstri dagsins, hver deild er mjög upptekin af því sem hún er að fást við á hverjum tíma, fyrir utan að miðla reynslu og efni á milli deilda. Það er ennþá áhugi á því í starfsmannahópnum að sjá hvort hægt sé að auka samvinnuna enn meira, þannig að við ætlum að hafa það ennþá uppi á borðinu. Heyrst hefur á göngunum að samvinna innan hólfa hafi þó aukist verulega á Covid19 tímum – sem okkur langar til að halda í, þar sem aukið flæði hefur verið á milli deilda. Við munum skoða það betur á komandi skólaári.



Líðandi skólaár hefur verið mikið frábrugðið öðrum skólaárum, og erfitt að mörgu leiti. En við höfum verið að aðlaga okkur að aðstæðum í samfélaginu á hverjum tíma og gengið þokkalega, þessi reynsla hefur verið lærdómsrík og munum við vonandi getað nýtt okkur það sem vel hefur gengið. Það sem má segja að hafi verið erfiðast og neikvæðast er minni aðkoma og minni samskipti við foreldra. Auk þess sem við höfum því miður þurft að loka deildum vegna starfsmanneklu oftast en nokkru sinni fyrir, því að ekki mátti færa starfsfólk á milli hólfa. En svo má nefna það að við sem störfum í leikskólanum sjáum sem jákvæða reynslu er styttri opnunartími, það er að segja að loka skólanum kl. 16.30, en með því að gera það er fleira starfsfólk í skólanum á þeim tíma sem skólinn er opinn.


Grænaborg fagnaði 90 ára afmæli sumarið 2021, en hún opnaði fyrst sumarið 1931 á lóð sem tilheyrir Landspítalanum í dag. Þar fékk Barnavinafélagið Sumargjöf tún sem tilheyrði bæ sem hét Grænaborg undir rekstur leikskóla fyrir börn í Reykjavík, það var fyrsti leikskólinn í borginni. Árið 1983 flutti Grænaborg upp á Skólavörðuholtið. Haldin var heilmikil afmælisveisla af því tilefni. Barnavinafélagið Sumargjöf færði skólanum gjöf sem mun notast í að kaupa efnivið fyrir skólann sem mun nýtast við upplýsinga-, forritunar- og margmiðlunarkennslu.

Að lokum langar mig til að hrósa foreldrum barnanna í skólanum fyrir þolinmæði og umburðarlyndi í þessu öllu, öllu starfsfólki skólans sem komst í gegnum þessa miklu óvissutíma af æðruleysi (og mjög margar Covid skimanir). Auk þess eiga börnin hrós skilið fyrir að mæta á hverjum degi með bros á vör og koma með gleðina í hús. Ég segi því **vel gert allir og takk!**

Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021

Innra mat á leikskólastarfinu fer fram allan tímann, t.d. dags daglega í starfinu og á fundum. Þannig er starfið stanslaust í endurskoðun og lagað að því sem passar við hvern tíma fyrir sig – mismunandi barnahópar og mismunandi starfsmannahópar. Á skólaárinu 2020 – 2021 völdum við að rýna sérstaklega í nokkra þætti, sjá hér að neðan, og voru þeir metnir í febrúar 2021, á deildarfundum og á starfsmannafundi.

Hvað var metið	Hvernig fór matið fram	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
hvað er álag í starfi og er hægt að gera eitthvað til að minnka það?	Matið fór fram á miðju ári, á starfsmannafundi og á deildarfundum. Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi	Allt starfsfólk skólans	Hver deild skilaði sínum niðurstöðum, sem voru mjög misjafnar eftir deildum og aldri barnanna. Sjá fyrir neðan.
hvað er gott starf og hvernig höldum við því?	Matið fór fram á miðju ári, á starfsmannafundi og á deildarfundum.	Allt starfsfólk skólans	Hver deild skilaði sínum niðurstöðum, sem voru mjög misjafnar eftir deildum



	Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi		og aldri barnanna. Sjá fyrir neðan.
upplýsingar um skólastarfið – hvernig gerum við það sem verið er að gera sýnilegt?	Matið var óformlegt og fór fram á miðju ári, á starfsmannafundi og á deildafundum. Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi	Allt starfsfólk skólans	Hver deild skilaði sínum niðurstöðum, sem voru mjög misjafnar eftir deildum og aldri barnanna. Sjá fyrir neðan.
gátlistar um menntastefnu, allir þættir	Matið fór fram á miðju ári, á starfsmannafundi og á deildafundum. Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi	Allt starfsfólk skólans	Hver deild fyrir sig fór yfir gátlista menntastefnunnar, hver deild mun rýna í sínar niðurstöður í haust og skólinn í held líka. Sjá fyrir neðan.
félagsfærni í Græ nuborg, hvar erum við stödd?	Matið fór fram á miðju ári, á starfsmannafundi og á deildafundum. Niðurstöður kynntar á starfsmannafundi	Allt starfsfólk skólans	Allar deildir að vinna markvisst með félagsfærnina miðað við aldur barnanna. Sjá fyrir neðan.
stytting vinnuvikunnar	Matið var óformlegt, fór fram í mars, á starfsmannafundi	Allt starfsfólk skólans	Niðurstöður voru gífurleg ánægja með styttinguna, stundum má litlu muna varðandi að halda starfinu gangandi, það eru helst undirbúningstímar sem þarf að færa til, flestir sammála því að við fáum viðbótartíma með börnunum vegna breytinga á hléum starfsmanna sem komu í kjölfar fullrar styttingar

Hvað er álag í starfi? Mat á því fór fram í öllum starfsmannahópnum síðari hluta vetra. Það helsta sem kom þar fram var til að mynda – það er álag að hafa opið til kl. 17 (færra starfsfólk sem er allan viðverutíma barnanna), hávaði veldur álagi, stórir barnahópar í litlu rými veldur álagi og Covid veldur álagi, mismunandi þarfir barna, starfsmannabreytingar, breytingar á barnahópnum, síðdegiskaffi. Deildir skólans hafa verið að breyta því sem hægt er og munu vinna áfram með þennan þátt, en margir af þessum þáttum er erfitt fyrir starfsfólk skólans að breyta eins og opnunartíminn, hólfaskipting og minni rými vegna Covid – en það að loka skólanum kl. 16.30 og hafa þannig fullmannað frá 8.30 -16.30 hefur mjög mikið að segja varðandi álag.

Hvað er gott starf og hvernig höldum við því? helstu niðurstöður úr því mati: glöð börn, glatt starfsfólk, góð teymisvinna, stöðugleiki, rútína, skýrar og fáar reglur, börnin fá að leika sér óáreitt, samvinna, nota það sem virkar vel og hendum hinu, gagnrýn hugsun, einkunnarorð skólans. Það að líða vel í starfi er ekki sjálfgefið en ofantaldir þættir ýta undir það hjá starfsfólki Græ nuborgar og hafa allir lagt sig fram við að halda því og muna hvað það er sem gerir gott starf gott og skilar mestu og bestu útkomunni.

Gátlistar um menntastefnu, allir þættir. Til að meta starfið samkvæmt menntastefnu Reykjavíkurborgar var notast við þar til gerða gátlista vorið 2021, allt starfsfólk skólans tók þátt. Helstu niðurstöður voru: **Félagsfærni** – stefna skólans 69%, viðmið um gæðastarf 83%. **Sjálfsþing** – stefna skólans 67%, viðmið um gæðastarf 91%. **Sköpun** – stefna leikskólans 88%, viðmið um gæðastarf 83%. **Heilbrigði** – stefna skólans 63%, viðmið um gæðastarf 86%. **Læsi** – stefna leikskólans 92%, viðmið um gæðastarf 85%. Hérna eru nokkrir þættir sem þarf að skoða betur, til að mynda vinna með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og betri kynning á vinnu skólans í námskrá leikskólans.


Upplýsingar um skólastarfið, hvernig gerum við það sem við erum að gera sýnilegra? helstu niðurstöður úr því mati: senda tölvupósta til foreldra um hvað er verið að gera, ópersónugreinanlegar myndir á Instagram, búa til plakát um ákveðna þætti skólastarfsins, nota möguleika Völnnar betur, benda á heimasíðu skólans, hvetja foreldra meira til að leita til okkar og fá upplýsingar. Allir þessir þættir voru dýpkaðir seinni part skólaársins og gengu vel.

Félagsfærni í Græ nuborg, hvar erum við stödd? helstu niðurstöður úr því mati: verið að vinna með sjálfstæði, eflingu öryggis, að vera vinur, virðingu, verum saman, verum hópur, kenna hvernig hópar virka, jákvæð samskipti, kenna tilfinningar, koma orði á þær, að spegla sig, nota efni frá Vöndu Sigurgeirsdóttir, skrá vini, horfa á endurtekna neikvæða hegðun o.m.fl. Almennt eru allir sammála að þessi vinna sé í fullum gangi ásamt sjálfsþing og allir hlakka til að halda áfram að vinna með þennan mikilvæga þátt.

Reykjavíkurborg gerði tvær formlegar viðhorfskannanir í Græ nuborg. Annarsvegar starfsmannakönnun í mars 2021, 20 starfsmenn af 23 tóku þátt í þeirri könnun. Tilgangur starfsmannakönnunarinnar er að fá viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Hins vegar var gerð könnun á meðal foreldra leikskólans í apríl 2021, í úrtaki foreldra voru 59 (frá 75 börnum) og 47 af þeim svöruðu. Tilgangur foreldrakönnunarinnar er að gefa foreldrum tækifæri til að koma sínum skoðunum á framfæri, að fá viðhorf foreldra til starfsemi leikskólans og vellíðan barna í leikskólanum og veita stjórnendum og starfsfólki endurgjöf á störf sín.

Hvað var metið	Hvernig fór matið fram	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og veikleikar)
Viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar.	Rafrænt mat	Allt starfsfólk skólans fékk tækifæri til að svara, 20 nýttu það af 23	Sjá niðurstöður hér að neðan.
Viðhorfskönnun foreldra.	Rafræn könnun	Í úrtaki voru 59 foreldrar frá 75 börnum, 47 foreldra svöruðu	Sjá niðurstöður hér að neðan.


Við skoðun á niðurstöðum beggja kannana verður að taka tillit til aðstæðna í leikskólanum, lítil sem engin aðkoma foreldra, minna af upplýsingum fóru til þeirra, skólinn meira eða minna lokaður fyrir



innkomu annara en barna og starfsfólks. Auk þess er vert að hafa í huga starfsaðstæður barna og starfsfólks var ekki eins og í venjulegu ástandi. Skólinn var hólfaður og vinnusvæðin fyrir hvern og einn minni og færri.

Helstu niðurstöður voru frekar góðar í starfsmannakönnunni, meðalskor allra þátta var 4,44 en var 4,52 í fyrra (hæsta mælitölan er 5). Kannaðir voru eftirtaldir 18 þættir og útkoman í Grænuborg voru eftirtaldar (mælitölur innan sviga eru frá 2020, settar inn til viðmiðunar):

- Frumkvæði 4,33 (4,56)
- Fræðsla og þjálfun 4,14 (4,50)
- Hæfilegt vinnuálag 3,66 (4,01)
- Ímynd 4,90 (4,82)
- Jafnrétti og jafnræði 4,75 (4,92)
- Markmið og árangur 4,81 (4,82)
- Metnaður 4,63 (4,69)
- Móttaka nýliða 4,52 (4,61)
- Starfsandi 4,55 (4,65)
- Starfsánægja 4,60 (4,64)
- Starfsmannastöðuleiki 3,68 (3,56)
- Starfsöryggi 4,21 (4,14)
- Stjórnun 4,50 (4,61)
- Sveigjanleiki í starfi 4,55 (4,25)
- Tilgangur 4,62 (4,70)
- Upplýsingaflæði 4,60 (4,63)
- Viðurkenning 4,34 (4,71)
- Vinnuaðstaða 4,38 (4,56)



Niðurstöður úr viðhorfsskönnun foreldra mætti setja svona fram (heildarskor 4,60), viðmið innan sviga frá viðhorfsskönnun 2019:

- Heildaránægja með leikskólann 4,70 (4,80)
- Barninu líður vel í leikskólanum 4,52 (4,82)
- Tel barnið mitt vera öruggt 4,57 (4,80)
- Vingjarnlegt andrúmsloft 4,67 (4,83)
- Skólanum er vel stjórnað 4,57 (4,80)

Það voru ekki nema 59 foreldrar frá 75 börnum sem fengu könnunina og af þeim voru bara 47 sem svöruðu. Við höfum áhyggjur af því að einhverjir foreldrar telja að börnunum líði ekki vel í leikskólanum og þau séu ekki örugg í leikskólanum. Þetta má að einhverju leiti skýra með minni innkomu foreldra og minni almenn samskipti á milli foreldra og starfsmanna skólans, vegna Covid. En þetta mun verða rýnt á komandi starfsári og lögð áhersla á að fá upplýsingar frá foreldrum um þessa þætti, af hverju telja þau að barninu líði ekki vel í leikskólanum og sé ekki öruggt. Auðvitað treystum við í leikskólanum á að foreldrar komi til okkar og láti okkur vita ef þau telja að barninu líði ekki vel og sé ekki öruggt, þetta er samvinnuverkefni heimili barnanna og leikskólans. Þetta verður umbótaþáttur komandi árs.

Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

Umbóta þættir / matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráning undir- búnings- tíma	Fá raunsæja mynd af undir- búnings- tímum allra starfs- manna	Skráning	Stjórnendat eymi skólans	Haut 2021	Vor 2022	Skráningar skoðaðar og metnar	Að hver og einn fái þá undir- búnings- tíma sem hann á samkvæmt kjara- samningi
Verklags- reglur um móttöku nýliða	Lagfæra gamla móttöku- áætlun	Lagfæra og endurgera móttöku- áætlun með aðkomu allra starfsmanna skólans	Aðstoðar- leikskóla- stjóri	Haut 2021	Haut 2021	Metið á starfsmanna fundum	Betri móttöku- áætlun með nauðsyn- legum upp- lýsingum
Félagsfærni barna	Bæta við því sem vantar uppá í sambandi við gátlista, sérstaklega að skoða Barna- sáttmálann	Kynna og bæta barnasáttm álanum inn í daglegt starf skólans	Stjórnendur	Haut 2021	Vor 2022	Metið með umræðum	Að þekking á sátt- málanum sé orðin viðtæk í hópnum og notuð
Fjölbreytt leik- og námsefni barna	Að gera leik- og námsefni ennþá fjöl- breyttara og krefjandi fyrir alla	Rýna ennþá betur í námsefni skólans / deilda með þetta í huga	Allt starfsfólk skólans	Haut 2021	Vor 2022	Með yfirsýn á deildum, röddum barnanna og á deildar og starfs- manna- fundum	Að hver deild hafi fjölbreytt og krefjandi viðfangsefni fyrir allan barnahópinn



Upplýsinga- tækni í skólastarfi	Kynna okkur betur framboð af efni til að nota í vinnu með upplýsinga- tækin í leik- skólanum	Kaupa tæki sem henta til kennslunnar	Allt starfsfólk skólans	Ágúst 2021	Maí 2022	Umræða á fundum skólans, hvað var keypt, hverjum nýttist það og hvernig?	Að það sem keypt var inn að hausti hafi nýst sem flestum börnum á uppbyggi- legan hátt
Upplýsinga- flæði frá leik- skólanum	Að koma upp- lýsingum til sem flestra foreldra þannig að allir séu vel upplýstir og upplifi traust og öryggi	Reynum að finna góða leið þannig að foreldrar fái nægilegar upplýsingar um skólastarfið, bæði í heildina og á líðandi stundu	Stjórnendat eymi skólans	2021	2022	Könnun á meðal foreldra	Að foreldrar upplifi það að fá viðunandi upplýsingar um starfið í skólanum, bæði í heildina og á líðandi stundu
Námssvið leikskóla samkvæmt aðal- námskrá	Kynnast betur öllum námsviðum leikskóla samkvæmt aðalnám- skrá	Markviss kynning og umræða á fundum og gera það sýnilegt hvernig unnið er með námssviðin	Stjórnendur	2021	2022	Samtal	Allir meira meðvitaðir um aðal- námskrá og ígrundaðra starf með þau í huga
Mennta- stefnan ígrunda betur	Vinna með þá þætti sem má bæta samkvæmt innra mati og gátlistum menntastef- nunnar	Markviss kynning og umræða á fundum og gera það sýnilegt hvernig unnið er með námssviðin	Stjórnendur	2021	2022	Gátlistinn lagður aftur fyrir	Meiri þekking og markviss vinna
Getum við notað fleiri aðferðir til að meta starfið	Gerð er meiri og meiri krafa um mat á starfi leikskólanna	Finna frekari leiðir til að meta allt starfið	Stjórnendur	Haut 2021	Vor 2022	Lagt fyrir starfsmanna hópin, álit allra fengin á matinu sem fer fram	Fleiri mats- aðferðir innleiddar
Taka börn nægilega mikið þátt í að meta starfið?	Væntingar eru um að börnin taki þátt í mati á starfi skólans	Finna leiðir til að mat þeirra á starfinu verði mark- vissara og það skráð. Hafa ábyrgðar-	Stjórnenda- teymi skólans	Haut 2021	Vor 2022	Lagt fyrir starfsmanna hópin, álit allra fengið á matinu sem fer fram	Að börnin verði virk í mati á starfi skólans.



		aðila á hverri deild.					
Velliðan og öryggi barna	Samkvæmt niðurstöðu foreldrakönunnar eru einhverjir foreldrar sem telja að börnunum þeirra líði ekki nægilega vel í skólanum og séu ekki örugg.	Við viljum reyna að finna út hvað veldur þessu og ná fram samtali við foreldra varðandi það t.d. í foreldra-viðtölum	Deilda-stjórar	2021	2022	Að færri foreldrar upplifi það að barninu líði ekki nógu vel í skólanum og séu ekki örugg þar	Betri skóli

Innra mat Dropadeildar

Það voru 15 börn á deildinni skólaárið 2020 – 2021 og það voru 5 starfsmenn á deildinni, þeir voru í 100% stöðum niður í tímavinnustarfsfólk.

Aðlögun fór fram með breyttu sniði þetta skólaárið vegna Covid, ekki var hægt að bjóða foreldrum inn í skólann og fór aðlögunin fram að mestu leiti úti. Foreldrar fengu styttri tíma í aðlögun og margir höfðu ekki séð skólann að innan fyrr en í afmæli Grænuborgar 25. júlí síðastliðinn.

Mikil áhersla hefur verið á sjálfshjálp, aðalega í fataklefanum og við matarborðið. Í fataklefanum með því að bjóða fáum börnum þangað í einu og þeim kennt að klæða sig í og úr sjálf. Við matarborðið var lögð áhersla að nota hnífapör en ekki hendur og drekka úr glasi og ganga frá eftir matinn. Einnig lærðu börnin að háttu sig fyrir hvíldina og fara með fötin sín á dýrin sín í fataklefanum.

Fataklefinn var eitt af álagsstöðum deildarinnar seinasta vetur og unnum við markvist að því að minnka álagið þar. Fimm börnum var boðið með starfsmanni í fataklefanum og þar sem börnin fengu næði til þess að læra að klæða sig í og úr. Þegar þessi börn voru komin inn/út þá fór næsti kennari með 5 börn svo næsti með 5. Gekk þetta vel og munum við halda þessu skipulagi áfram. Þegar líða fór á önnina voru alltaf fleiri börn sem gátu aðstoðað sig sjálf í fataklefanum og gátu þá fleiri börn verið saman. Ræddum við starfsfólkið árangurinn á deildarfundum og voru allir sammála um góðan árangur. Fundum við að álagið minnkaði og minna stress var í kringum fataklefanum.

Tvær skipulagðar samverustundir voru daglega á Dropadeild. Í morgunsamverunni syngjum við lög, við byrjum alltaf á að syngja Gildislagið okkar. Þar fá börnin að velja lög sem eru á spjöldum með myndum á sem börnin læra að þekkja og vita hvaða lög þau eru að velja. Í hádegissamverum lesum við bækur og syngjum. Skrímslabækurnar hafa verið áberandi vinsælar þetta árið ásamt öðrum bókum.

Dropadeild fór oftast 2x út á dag, á morgnanna og seinni partinn og reyndist það vel.

Dropadeild var mjög dugleg að fara í ferðir út fyrir lóðina og gekk það vel. Við munum bæta útikennslu við námið okkar haustið 2021 allavegana einu sinni í viku.

Samskipti við foreldra gengu vel og fór fram að mestu leiti í gegnum tölvupósta vegna Covid, en ekki gafst mikill tími til þess að spjalla. Einnig notuðum við Völuna til samskipta en Valan var ekki eins árangursrík og tölvupóstar til að byrja með þar sem foreldrar fengu ekki tilkynningu um að skilaboð hafa borist inn á Völuna. Einhverjar athugasemdir voru gerðar um upplýsingaflæði sem við tókum vel í og bættum okkur þar. Við settum myndir inn á völu, sendum póst og skrifuðum á upplýsingatöfluna hvað var gert yfir daginn. Við leggjum áherslu að taka vel á móti börnum og heilsa þeim með nafni og einnig að kveðja vel. Öruggr börn öruggir foreldrar.

Allt skipulagt starf var fært inn á deild vegna takmarkana í skólanum. Við nýttum fataklefann og Lautina til að skipta börnunum upp svo þau gætu fengið næði til að vinna. Hópastarf var einn af umbótaráætlun frá seinasta vetri. Vegna Covid gátum við lítið farið eftir stundatöflu deildarinnar heldur meira gert það sem hægt var þá og þegar.

Deildarfundir voru eitt að umbótarverkefnum frá síðasta vetri. Dropadeild og Sólskinsdeild leystu hvort annað af til þess að halda fundi. Og gekk það mun betur en seinasta vetur. Einhverjir fundir féllu niður vegna veikinda.

Umbóta- þættir / matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
Vala	Nýta Völuna betur. Setja inn myndir og senda pósta vikulega. Nota dagatalið	Taka myndir og flokka þær strax. Að einhver einn beri ábyrgð á myndum. Punkta niður hvað við gerum yfir daginn til að setja saman í póst.	Deildarstjóri sér um samskipti og starfsmaður sem tekur að sér að sjá um myndir fyrir Völuna	Byrjun skólaárs	Lok skóla- ársins	Á deildar- fundum og foreldra- fundum. Einnig í daglegu tali og sam- skiptum við foreldra og stjórnendur skólans.	Betra upplýsinga- flæði til foreldra. Mælist í ánægðum og vel upplýstum foreldrum
Málörvun tvítengdra barna	Að fjölgtyngd börn fá meiri málörvun	Nýtt efni verður kynnt fyrir deildarstjór um sem verður tekið inn um leið	Deildarstjóri	ágúst	júlí	Metið í framförum fjölgtyngdra barna 1x í mánuði	Að fjöl- tyngdu börnin fá meira utanumhald og styrkist í íslensku

Útikennsla	Að farið verði í útikennslu út fyrir lóðina. Að börnin fá tækifæri til að kynnst nær umhverfinu sínu.	Verðum með skipulagðar ferðir og markmið sem við vinnum með börnunum. Hægt að fara öll saman og líka í hópum.	Deildarstjóri og starfsmaður á deild sem tekur að sér þetta verkefni	október	júlí	Metið á deildarfundum sem eru 2x í mánuði	Börnin fá tækifæri til að kynnst nær-umhverfi sínu. Útikennsla eykur samvinnu og styrkir félagsleg tengsl barnanna.
Einkunnar orð Græ nuborgar verði sýnilegri fyrir börn, starfsfólk og foreldrar	Græ naborg á 4. einkunnar-orð gleði, virðing, vinsemd og umhyggja. Við stefnum að því að þekkja einkunnar orðin okkar og hafa þau sýnileg og leiðarljós í okkar samskiptum	Að börn og starfsmenn tileinki sér einkunnar-orðin í leik og starfi og læri að bera virðingu fyrir hvort öðru. umhverfi og leikefni	Deildarstjóri	ágúst	júlí	Á deildarfundum sem eru 2x í mánuði	Að börn, starfsfólk og foreldrar þekki einkunnar-orðin okkar og noti þau í daglegu tali og samskiptum

Innra mat Mánadeildar

16-18 börn hafa verið á deildinni í vetur og 11 þeirra komu af Dropadeild í ágúst og 6 komu ný inn í aðlögun frá ágúst til september. Fimm starfsmenn voru á deildinni, frá því að vera í 100% stöðum niður í tímavinnufólk.

Í vetur hefur barnahópurinn verið samheldinn og þarfir barnanna og þroski mjög jafn. Hlutfall fjöltyngdra barna er lægra en árið á undan eða 6/18. Við settum okkur markmið í byrjun vetrar að nota Gefðu 10 sem markvissa málörvun fyrir þau börn og hefur það gengið vel.

Við höfum unnið mikið með málörvun og notað til þess spil, bækur og tónlist. Einnig höfum við passað upp á að bjóða upp á krefjandi verkefni fyrir alla. Börnin eru ótrúlega sjálfstæð og mörg þeirra eru farin að mynda sterk vinatengsl sem gaman var að fylgjast með. Þetta er yndislegur hópur og gaman er að sjá hversu mikið börnin hafa þroskast og dafnað þennan veturinn.

Í desember byrjuðum við að innleiða styttingu vinnuvikunnar. Ákveðið var að taka hámarksstyttingu og höfum við frá því í desember átt frí 1 dag aðra hvora viku. Þetta fyrirkomulag hefur gengið að mestu leiti mjög vel en þó hafa komið upp erfiðleikar ef veikindi eiga sér stað þá daga sem starfsmaður er í styttingu. Mikil ánægja ríkir á okkar deild og starfsfólkið ánægt með þetta nýja fyrirkomulag.

Undirbúningstímar voru nýttir til þess að skipuleggja starf deildarinnar. Vinna að skráningum á starfi barnanna og koma upplýsingum um starfið til foreldra. Einnig voru undirbúningstímar nýttir í fundi og til að sækja námskeið.

Fundartímar voru nýttir til að fara yfir starf deildarinnar. Við vinnum eins einstaklingsmiðað starf og hægt er og þá er gott að fara reglulega yfir hvort allir í barnahópnum séu að njóta sín og hvort við getum einhverju breytt eða bætt til að mæta þörfum hvers og eins. Einnig þótti okkur mikilvægt að setjast niður og fara yfir líðan starfsfólks og skipulag deildarinnar.

Þetta ár hefur framan af litast af heimsfaraldri. Þennan vetur höfum við unnið við takmarkanir líkt og árið á undan. Stöðugar breytingar á skólastarfi í tengslum við sóttvarnir. Við höfum allan þennan vetur tekið á móti börnum í hurðinni og kvatt þau á sama hátt í lok dags. Þetta hefur gert það að verkum að samskipti við foreldra hafa verið með öðrum hætti, foreldrar hafa ekki komið inn í skólann og sumir ekki séð húsið að innan. Þrátt fyrir þessar takmarkanir finnum við fyrir miklu trausti frá foreldrum og það sem mestu máli skiptir þá hefur börnunum liðið vel og þau verið örugg. Skerðing hefur verið á sameiginlegum rýmum innanhúss en Mánadeild hefur þó verið heppin með að geta notað salinn og Kotið til að ná að skipta upp barnahópnum til að minnka álag og halda í skipulagt starf.

Þessir tímar hafa vægast sagt verið skrítnir og hafa vissulega verið krefjandi en á sama tíma lærdómsríkir. Í kjölfar þessa tíma höfum við lagt áherslu á að skipta barnahópnum í tvo til þrjá hópa sem hefur skilað góðum árangri í samverustundum og leik og starfi þar sem allir njóta sín.

Starfsfólk deildarinnar hefur staðið sig frábærlega á lausnamiðaðan hátt þennan vetur og eiga þau gott hrós skilið.

Helstu álagspunktur voru veikindi starfsfólks og heimsfaraldurinn.

Mjög margt í starfinu gekk vel þennan skólavetur og tilefni er til þess að hrósa starfsfólki fyrir vel unnin störf við margskonar aðstæður og eftir lærdómsríkan vetur búum við að reynslu og þekkingu sem að mun nýtast okkur í starfi og þegar á heildina er litið má segja að starfsárið hafi verið mjög gott. Þetta sést best á ánægðum barnahóp og ánægðum foreldrum og starfsmönnum. Það vakna líka spurningar um það hvað mætti gera betur eða öðruvísi. Við viljum gera meira og næsta vetur langar okkur að byggja ofan á reynslu þessa vetrar með því að vinna markvisst starf með skráningar, félagsfærni, læsistefnu, skipulagt hópastarf og samverustundir sem hafa fyrirfram ákveðin markmið. Við ætlum ekki að gera þetta allt í einu heldur ætlum við að setjast niður og skoða hvað við gerðum vel í vetur. Fara yfir hverju við höldum áfram og skoða hvar og hvernig finnum við tíma og mannskap til þess að sinna t.d. skráningu, skipulagi starfs og útfærslu á því. Það er ekki hægt að skipuleggja næsta skólaár fyrr en við sjáum hvernig barnahópurinn verður í haust og hvernig best verður að setja upp starfið með



Það í forgangi að halda börnum öruggum og ánægðum, en hér eru nokkrar hugmyndir sem við getum haft til hliðsjónar þegar við skipuleggjum næsta skólaár.

Mat á umbótaþáttum seinasta árs:

Dreifa verkefnum og ábyrgð á allt starfsfólk, strax í upphafi skólaárs. Vel hefur gengið að deila verkefnum og allir á deildinni hafa getað notið sín við sköpun og vinnslu á skráningum.

Athuga kaffitíma og vinnutíma starfsfólks, er hægt að hagræða þar. Kaffitímum var breytt vegna vinnustyttingar, með hámarks styttingu vinnuvikunnar samdi starfsfólk af sér 35 mínútna kaffitíma en hefur starfsfólk tök á 15 mínútna hléi yfir daginn.

Öflugt upplýsingaflæði til starfsfólks og foreldra. Upplýsingaflæði hefur verið eftir bestu getu og fá foreldrar reglulega póst um starfið og líðan hópsins. Eitthvað hefur verið um að foreldrar óski eftir meiri upplýsingum og er það nú til skoðunar og lagt verður upp úr því að skrá bæði myndir og aðrar upplýsingar um hvert og eitt barn inn á Vala.is. Upplýsingar til starfsfólks eru reglulegar og sýnilegar, eftir alla deildastjórafundi og starfsmannafundi er rituð fundargerð sem fer inn á allar deildar og er sýnilegt.

Byrja með möppu fyrir hvert barn í tölvu fyrir persónuskráningar. Búna hafa verið til möppur með myndum af börnunum og í lok árs verður bætt við þeim skráningum sem hafa verið gerðar.

Mat á markmiðum seinasta árs:

Bæta einbeitingu og hlustun í samverustund. Endurmetið í júní 2021 af starfsfólki Mánadeildar á deildarfundum. Þessu markmiði var fylgt eftir og góður árangur náðist. Mikill munur er á einbeitingu og hlustun í tvískiptum samverustundum og munum við halda áfram að vinna að þessu markmiði.

Minnka álag í fataklefanum fyrir útiveru. Endurmat var gert í júní 2021 af starfsfólki Mánadeildar. Hefur þetta gengið nokkuð vel í vetur en þó enn hægt að bæta. Starfsfólk sammála um að halda þessu markmiði áfram með því að skipta barnahópnum í þrennt og fer fyrsti starfsmaður út þegar 5 börn eru klædd og tilbúin fyrir útiveru. Þetta hefur gengið vel og álag í fataklefanum minna.

Skrásetja og vinna markvist með félagsfærni. Þetta fyrirkomulag er notað í dag og munum við halda áfram með þetta fyrirkomulag. Endurmat var gert í júní 2021 af starfsfólki Mánadeildar. Árangur kemur út í góðri sjálfsmynd og sjálfsöryggi barnanna. Góðum og jákvæðum samskiptum í leik og starfi.



Umbóta- þættir / matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar í ferilmöppur og halda betur utan um myndir sem teknar eru.	Gera skráningar jafn óðum og hlaða inn myndum mánaðar- lega / vikulega	Nota Vala.is til að hlaða myndum og flokka jafn- óðum. Gera afmælis- skráningar sama dag og barnið á afmæli og senda afrit með barni heim.	Deildar- stjóri og starfsfólk deildar.	júní 2021.	júní 2022	Notkun á Vala.is Einnig auðvelt að fram- kvæma með Book creator.	Auðveldar starf og minnkar líkur á að verkefnin hlaðist upp. Kemur út í betra upplýsinga- flæði til foreldra. Eykur ánægju foreldra. Auðveldar utanum- hald á öllu starfi tengdu skráningu barnanna.
Nón hressing	Hafa kaffitíma barnanna frá 14:15- 15:00 í flæði.	Einn starfs- maður sér um kaffi- tímana á einu borði og heldur utan um að öll börnin hafi fengið sér hressingu. Börnin hafa því tækifæri á að sinna verkefnum og fá val um hvenær á þessum 45 mínútum þau vilja setjast og borða.	Starfsfólk deildar.	júní 2021	júní 2022	Þetta er gert til þess að minnka álag á þessum tíma dags bæði fyrir starfsfólk og börn. Með þessu gefst tími til að sinna verkefnum og auka sjálfstæði barnanna.	Gefur starfsfólki og börnum aukið svigrúm til að njóta starfsins og minnkar streitu. Metið reglulega með líðan barnanna og starfsfólks.
Lestar- stundir.	Hafa tvískiptar lestar- stundir a.m.k. einu sinni daglega.	Skipta barna- hópnum upp. Metið með hverjum barnahóp hvort hann sé aldurs- skiptur eða vegna áhuga og	Starfsfólk deildar	júní 2021	júní 2020	Hafa fasta tíma daglega. Skipuleggja þessar stundir með viðeigandi efni fyrir hvern hóp.	Skapa rólegar stundir. Auka áhuga og virkja hlustun.



		þolinmæði barnanna.					
--	--	---------------------	--	--	--	--	--

Innra mat Stjórnu eildar

Einkunnarorð Stjórnu eildar í vetur voru *sjálfstæði – jákvæðni – vinátta*.

Barnahópurinn var fjölbreyttur, mörg tungumál töluð og talsvert aldursbil á milli elsta og yngsta barns. Það var því áskorun fyrir okkur að skipuleggja starfið þannig að við mættum þörfum hvers barns jafnt. Svo var það heimsfaraldurinn sem setti okkur líka skorður og þurfti margt sem við erum vön að gera á einn máta að endurskoða og breyta.

Auk þess varð tíð breyting á barnahópnum og starfsmannahópnum til þess að oft var rót og rask á deildinni tengt því. Við aðlöguðum að minnsta kosti eitt barn á mánuði frá ágúst fram í miðjan febrúar og endurskipulögðum vinnuna oft yfir veturinn.

Strax í haust sáum við að það þyrfti að leggja megináherslu á sjálfsefningu barnanna og kenna jákvæð samskipti.

Við einbeittum okkur að sjálfsefningu barnanna í öllu starfi með því að hvetja, leiðbeina og aðstoða og fylgja eftir. Börnin fengu skýr fyrirmæli og passað var upp á að hrósa þegar vel gekk og nýrri færni náð. Með þessu öðluðust börnin sjálfstæði og sjálfstraust.

Jákvæð samskipti á deildinni voru mikið rædd, vinátta, hjálpsemi, kurteisi, þolinmæði og virðing fyrir sjálfum sér og öðrum í hávegum höfð.

Börnin voru líka hvött til að nota gagnrýna hugsun.

Unnið var með þrjú meginmarkmið í félagsfærni og leiðir að þeim í vetur, auk almennra markmiða í öllu starfi deildarinnar.

Mikil áhersla var lögð á að orðræða væri falleg og fagleg og að íslenska væri töluð til að styrkja málþroska barnanna.

Við vorum með Lubba-stundir einu sinni í viku og þær voru bæði gagnlegar og skemmtilegar. Börnin æfðu sig í að ríma og klappa atkvæði og mörg voru með mikinn áhuga á að æfa sig í að skrifa og lesa. Þau sem sýndu áhuga voru hvött áfram og þeim hjálpað að auka lesfærni sína. Eitt barn er byrjað að lesa léttlestrarbækur sem við sóttum á bókasafnið.

Stafrófið og ritmál var haft sýnilegt á allri deildinni.



Í vetur gátum við haldið áfram með að skipta deildinni upp í minni hópa, útíveran var oftast tvískipt eins og veturinn áður og nú vorum við líka með tvo hópa í samverustund fyrir hádegismat, þá fjöltyngd saman og eintyngd saman. Við náðum þremur hópum í lesstund og þá skiptum við þeim eftir hversu lengi þau gátu einbeitt sér að upplestri kennara. Að vinna með færri börn gerir það auðveldara að mæta þörfum þeirra og námið verður skilvirkara og öllum líður betur í aðeins meiri ró. Þetta var meðal annars hægt að gera vegna styttingu vinnuvikunnar, breytinga á kaffitímum, aukið þannig gæðastarf vegna meiri tíma inni á deild.

Við fórum í gönguferð flestar vikur, það er frábær æfing í að vera í hóp og vinna saman. Við héldum okkur í nærumhverfi skólans, flökkuðum um hverfið og skoðuðum hús þeirra barna sem búa nálægt, fundum leikvelli og áhugaverða staði. Hápunkturinn var nestisferð á Klambratún, við fórum með smurðar samlokur, ávexti og kex með okkur, það var mjög skemmtileg ferð.

Við unnum með sköpun, tónlist, heimspeki og vísindi inni á deild og fléttuðum það inn í frjálstan leik barnanna.

Við skipulag starfs deildarinnar studdumst við fjölgreindakenninguna, námsskrá skólans og menntastefnu borgarinnar. Við komum inn á alla grunnþætti menntunar í starfinu, þ.e. læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Börnin stýrðu starfinu eins og hægt var, það var mótað að þeirra áhuga og þörfum og lýðræðisleg vinnubrögð kennd og stunduð.

Þegar við litum yfir vetrarstarfið á Stjörnudeild með markmið okkar í huga, þau helstu að börnunum líði vel, séu örugg og þyki gaman í skólanum, að efla sjálfstæði og sjálfsöryggi barnanna og efla félagsfærni, þá komumst við að þeirri niðurstöðu að þau hafi náðst. Við erum með glöð og örugg börn, þau eru góðir vinir sem eiga jákvæð samskipti bæði við jafnaldra og fullorðna í skólanum og hafa öll öðlast nýja færni á ýmsum sviðum. Starfsfólk Stjörnudeildar er ánægt með starfsanda skóla og deildar. Mikill metnaður fyrir faglegu starfi og styttingu vinnuvikunnar sem auka lífsgæði.

Málörvun gekk vel og íslenskan blómstrar á vörum allra barnanna á Stjörnudeild.

Þeir foreldrar sem mætu í foreldraviðtöl voru jákvæð og ánægð með Græ nuborg. Eins höfum við oft fengið hrós, helst í gegnum tölvupóst þar sem samskipti við foreldra voru takmörkum háð í vetur.

Næsta vetur ætlum við að vinna áfram með félagsfærni og sjálfsefningu barnanna og notum til þess þá þekkingu sem við höfum aflað okkur undanfarna tvo vetur og bæta við hana. Það gekk ekki vel að koma umhverfisfulltrúum og veðurfræðingum af stað í vetur, við þurfum að skoða hvernig við getum gert þessi verkefni áhugaverðari. Við ætlum líka að halda áfram að nota Völuna og gera hana að okkar helsta



samskiptamáta við forsjáraðila nemenda. Við gerum starfið okkar sýnilegra og kynnum betur það sem við erum að kenna og vinna með í skólanum og hverju við ætlum að áorka með því. Við ætlum líka að nota myndirnar sem börnin taka sjálf.

Umbóta- þættir / matsþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
Nota völu	Að völuforritið verði okkar helsti samskiptamáti við forsjáraðila	Starfsfólk fær mynda-aðgang, notum dagatalið þar og við sendum fréttir, tilkynningar og skilaboð þar í gegn.	Deildarstjóri sér um samskiptahlutann, starfsmenn um myndir.	ágúst 2021	janúar 2022	Hvetja fólk til að sækja forritið og nota síðuna. Sjá hvort fólki þygi þægilegra að hafa allar upplýsingar á sama stað.	Að samskipti og upplýsinga flæði milli heimilis og skóla verði enn betra.
Gera starf deildarinnar sýnilegra og greinilegra	Að fólk sjái og skilji hvað felst í starfi deildarinnar. Af hverju við notum þær aðferðir sem við notum og hvað við ætlum að fá út úr þeim.	Segjum frá því sem við erum að gera. Sýnum hvað við erum að nota. Undirbúum skráningar og hengjum t.d. upp í fataklefa, útskýrum á foreldrafundi og sendum í pósti.	Deildarstjóri	ágúst 2021	ágúst 2022	Með samtölum, t.d. foreldraviðtölum og matsfundum með stjórnendateymi skólans	Að öll sem hafa áhuga á skilji betur út á hvað starfið gengur og hvernig við kennum
Umhverfis mennt – umhverfisgreind og sjálfbærni	Að efla umhverfisgreind barnanna,	Umhverfisfulltrúar með ýmis verkefni, veðurfræðingur, útikennsla í gönguferðum, flokkun og endurvinnsla, vinna með verðlaust efni	Deildarstjóri og starfsfólk deildar	ágúst 2021	ágúst 2022	Á deildarfundum, farið yfir skráningar og ferli	Að börnin þekki helstu hugtök um veður, árstíðir, skilji af hverju við flokkum og endurvinnum



Félags- færni og sjálfsefning – vinna með mennta- stefnuna	Að börnin kunni og iðki jákvæð samskipti, sému örugg og sjálfstæð	Að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök eins og vinátta, hjálpsemi, kurteisi, þolinmæði og virðing notuð. Hvetjum börnin áfram til að gera allt sjálf. Hjálpum þeim að ná nýrri færni með því að nota greindirnar sem þau eru sterkust í. Að þau kynnist tilfinningum sínur, treysti á þær og verði óhrædd við að segja skoðanir sínar.	Deildar- stjóri og starfsfólk deildar	ágúst 2021	ágúst 2022	Farið yfir skráningar og önnur gögn á deildar- fundum, viðtöl við börnin,	Að vina sambönd styrkst, börnin séu örugg og glöð, uni sér í leik og geti sjálf unnið úr samskipta- vandræðum sem koma upp, að þau séu stolt af sjálfum sér
---	--	--	--	------------	------------	--	---

Innra mat Sólskinsdeildar

Á skólaárinu voru 23 – 26 börn á deildinni, fædd 2015 og 2016. Það voru um það bil 3,8 stöðugildi á deildinni.

Á síðasta skólaári unnum við markvisst eftir umbótaáætlun fyrra árs. Við settum okkur markmið og mátum árangur á deildarfundum aðra hverja viku.

Við stefndum á að nota *Lubba* bók og vísur og leggja inn nýtt hljóð vikulega. Það var ekki nógu markvisst en stefnt er að umbótum í haust og bæta þá við *Lubba* spöldum og spili.

Við vorum sammála um það að *vísindasmiðjan* gekk mjög vel. Gerð var myndræn skráning og voru börnin virkir þátttakendur í starfinu og komu með eigin hugmyndir.

Einnig voru *gönguferðir* vikulegur liður í starfinu, og gekk það eftir samkvæmt umbótaáætlun þó svo að ekki væri hægt að fara í lengri vettvangsferðir með strætó fyrr en voraði, vegna Covid-19.

Við notuðum „Gefðu 10“ í haust á markvissan hátt en undir það síðasta ekki vorum við ekki nógu dugleg að skrá. Þetta mun verða stór þáttur í starfinu næsta skólaár sérstaklega í ljósi þess að við vitum að við munum fá til okkar stóran hóp fjöltyngdra barna.

Félagsfærnin var í hávegum höfð eins og áður og markmiðið var að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök. Eins að börn og fullorðnir kynnist betur og myndi örugg tengsl, að eiga samtöl við börnin, gefa okkur tíma til að hlusta á þau, vera tilbúin að hughreysta og hugga, efla samkennd innan hópsins og stuðla að jákvæðum samskiptum. Minna á að við erum öll vinir, vinir hlusta, vinir tala fallega. Allir leika saman, að gefa tækifæri í leiknum, bjóða öðrum að vera með og hjálpast að. Hvetja börnin til að vera sjálfstæð, leiðbeina, fylgja eftir og aðstoða. Gefa þeim orð á tilfinningar, hjálpa þeim að leysa ágreining og tala saman. Gefa þeim verkefni til að vinna að saman, hrósa fyrir samvinnu. Markvisst verður unnið að þessu á næsta skólaári sem og áður.

Heilt yfir gekk skólaárið mjög vel og starfsfólk deildarinnar vann vel saman og styrkleikar hvers og eins fengu að njóta sín. Mörgum markmiðum var náð og höldum við áfram að bæta ofan á það sem vel var gert og efla þætti og skoða hvar mætti gera enn betur.

Þó svo að síðasta ár hafi verið frábrugðið öðrum árum, með takmarkanir á ýmsum sviðum, þá er alltaf hægt að læra eitthvað nýtt af nýrri reynslu, nýjum áherslum og nýjum breytingum. Öllum breytingum fylgir nám, nýjar uppgötvanir og reynsla sem ekki hefði fengist annars.

Umbóta- þættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst / lokið	Hvernig metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
Að auka samtal og samskipti fjöltyngdra barna	Efla íslensku- kunnáttu fjöltyngdra barna.	Notum „Gefðu 10“.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.	Skólaárið 2021 - 2022	Skráum niður og förum yfir það sem er unnið að með börnunum á deildar- fundum yfir veturinn	Að börnin noti setningar með sífellt fleiri orðum og tjái sig vel á íslensku.
Félagsfærni	Að efla félagsfærni barnanna og jákvæð samskipti á deildinni.	Að ræða og kenna jákvæð samskipti og hugtök eins og t.d. vinátta, hjálpsemi, kurteisi, þolinmæði og virðing notuð.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.	Skólaárið 2021 - 2022	Förum yfir markmið og leiðir deildarinnar á deildar- fundum yfir veturinn.	Að börnin umgangist alla í kringum sig af virðingu og vinsemi og taki tillit til annarra.

Lubbi finnur málbein	Að bókin og vísurnar um Lubba séu notuð markvisst inni á deild, eins Lubba spjöld og spil.	Höfum Lubba stundir þar sem þetta verður haft í öndvegi Lögð er áhersla á eitt hljóð/bókstaf í hverri viku. Einnig munum við tengja t.d. við gönguferðir og lögin í söngstundum.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildar.	Skólaárið 2021 - 2022	Förum yfir og ræðum á deildarfundum yfir veturinn.	Að börnin hafi tileinkað sér fræðin um Lubba
-----------------------------	--	--	--	-----------------------	--	--

Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

<i>Skipulagning sérkennslu 2020-2021</i> <i>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar.</i> <i>Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</i>		Þau börn sem fengu sérkennslu í skólanum voru öll með sína eigin einstaklingsáætlun sem var endurskoðuð á 6-12 vikna fresti með tilliti til framfara einstaklingsins og áliti foreldra.
<i>Hvaða matsgögn voru notuð?</i> <i>Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.</i>		Notaður var ABLES listinn, Smábarnalistinn, Hljóm2, EF12, Behavioral Intervention for Young Children with Autism, Íslenski máhljóðamælirinn og svo heimatilbúinn lista yfir þroskætti allra aldurshópa í skólanum.
<i>Hvaða námsefni var notað?</i> <i>Voru t.d. notuð aðkeypt námsgögn?</i>		Ýmis námsgögn voru notuð bæði keypt og heimatilbúin. Ljáu mér eyra, The processing program, Spjallað og leikið, SÓL fyrir eldri og yngri, Lubbi, leikum og lærum, orðagull og margt fleira.

Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

Umbóta- þáttur / matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun – faglegt samstarf	Aukið samráð milli sér-kennslu- stjóra og sér- kennara. Jafningja- fræðsla.	Setja niður fasta fundi 2x á önn til þess að ræða mál sérkennslu ásamt því að deila þekkingu og fræðslu.	Sérkennslu- stjóri	Haut 2021	Vor 2022	Með fundar- gerðum og könnun meðal sér- kennara.	Að sér- kennarar fái þann stuðning og fræðslu sem þeir telja sig þurfa.



Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Starfsmaður ráðinn til þess að fara inn á deildir og sinna málörvun tvítyngdra barna.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Allt starfsfólk skólans fóru á námskeið í Gefðu 10, eftir það unnu allar deildir markviss með Gefðu 10. Hluta úr vetri fór starfsmaður á milli deilda og var með málörvun í hópum fyrir fjöltyngd börn, Covid hafði áhrif á þennan þátt.
Er markviss verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Unnið var í hópum með orðaforða og var áhersla á dýpkun hans með leikjum, spilum, lestri, söng og spjalli. Lesstundir voru nýttar til dýpkunar á t.d. orðaforða.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Fylgst er með framförum en ekki notuð nein matstæki fyrir þennan hóp sérstaklega. Þau fara í gegnum EF12 og Hljóm2 eins og önnur börn. Ekki er gerð einstaklingsáætlun fyrir þessi börn. Lögð er rík áhersla á að örva orðaforða í daglegum athöfnum inni á deild allan daginn ásamt því að fá auka örvun í orðaforða 1x í viku.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Áhersla er lögð á virka þátttöku barnanna. Allt umhverfi skólans er skipulagt með það í huga að efla alla þætti máls hjá börnunum. Í öllum athöfnum dagsins eru sett orða á allar athafnir og börnin hvött til þess að leggja orð á það sem er í kringum þau. Setningar eru leiðréttar og lengdar til að efla orðaforða. Á deildum er flest allt merkt með orðum og myndum. Myndrænt dagskipulag er á öllum deildum. Lesið er fyrir börnin minnst einu sinni á dag og er rætt um flókin orð og merkingu þeirra ásamt því að ræða innihald sögunnar að loknum lestri. Börnunum læra lög og er textinn í lögum ræddur til þess að efla skilning og dýpka orðaforða. Ásamt þessu er lögð rík áhersla á rím, samsetningu orða, orðhlutaeyðingu, hljóðtengingu, hljóðgreiningu, samstöfur og margræð orð.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

Umbóta- þáttur / matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið / aðferðir?	Viðmið um árangur
Uppeldis og mennta- starf, Námsvið leikskólana	Orðaforði Mál- örvunar- stundir einu sinni í viku gefur líklegast ekki nægilegt færi á ítrekaðri endur-	Hafa mál- örvunar- stundir oft yfir vikuna. Jafnvel daglega svo hægt sé að vinna með ákveðið þemu í einu, viku í senn og styrkja	Deilda- stjórar og tengiliður fjöl- menningar	Nóv. 2021	Apríl 2022	Árangur verður metinn með hæfnis- ramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.	Aukinn orðaforði, skilningur og tjáning hjá börn- unum.



	tekningu. Skautað er yfir efnið á miklum hraða sem skilur minna eftir sig en ef hægt er að fara yfir sama efnið oftár.	Því nýja þekkingu og auka líkur á því að hún sitji eftir.					
--	--	---	--	--	--	--	--

Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl fara fram einu sinni á ári og eru þeir sem starfað hafa í sex mánuði eða meira í skólanum boðin tími í samtal. Skólaárið 2020 - 2021 fóru þau fram í apríl, þau voru í höndum leikskólastjóra. Það náðist að klára 90% þeirra. Ennþá eru 10% eftir. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi á samtölum á skólaárinu 2021 – 2022.

Starfsfólk skólans sótti ýmsa fræðslu á skólaárinu á meðan allt var með eðlilegu móti á skólaárinu, þar má helst nefna:

B.ed. nám við Háskóla Íslands

Einn starfsmaður

Félagsfærni í leikskólum, fyrirlestur frá Vöndu Sigurgeirsdóttir

Allt starfsfólk skólans

Gefðu 10 – fyrirlestur – kynning frá Sögu Stephensen

Allt starfsfólk skólans

Hlúum að andlegri vellíðan á óvissutímum, Ingrid Kulman

Ýmsir starfsmenn

Lærdómsamfélag sérkennslustjóra

Sérkennslustjóri

Málþing Kennarasambands Íslands

Ýmsir starfsmenn

Menntakvika Háskóla Íslands

Ýmsir starfsmenn

Menntastefnumót haldið af SFS

Allt starfsfólk skólans

Námskeið í PECS Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Sérkennslustjóri og einn sérkennari

Skráningarnámskeið haldið af Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Sérkennslustjóri og tveir sérkennarar

Snemmtæk íhlutun í málþroska haldið af HTÍ

Sérkennslustjóri

Stjórnendadagur stjórnenda Reykjavíkur

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri



Ekki hefur verið tekin endanlega ákvörðun að svo stöddu um allt fræðsluefni fyrir komandi skólaár. En leitast verður eftir námskeiðum sem snúast um félagsfærni og sjálfsefningu barna. Við munum halda áfram að skoða upplýsingatækni og margmiðlun. Haldið verður skyndihjálparnámskeið á haustönn, en það er gert á tveggja ára fresti. Auk þess sem allt starfsfólk skólans er hvatt til að skoða vel hvaða námskeið eru í boði sem nýtast til að dýpka sig í starfi og í flestum tilfellum er svigrúm til þess að þeir sem sýna áhuga á námskeiði eða ráðstefnu fái tíma til þess.

Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Grænaborg mun fara í aukið samstarfi við leikskólann Miðborg, hverfisgrunnskólann, Austurbæjarskóla og Draumaland, frístundarheimili hverfisins. Samstarfið er á milli elstu barna leikskólanna og 1. bekk grunnskólans. Ekki hefur verið ákveðið ennþá í hvaða formi það mun vera en boðað hefur verið til fundar í ágúst 2021 þar sem farið verður yfir í hverju samstarfið felst.

Leikskólinn fundaði með Austurbæjarskóla, frístundinni og þjónustumiðstöð og skilaði til grunnskólans upplýsingum um börnin sem fara á milli skólastiga svo sem Hljóm-2.

Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna í Grænuborg er mjög mikilvæg og viljum við vera í miklu og nánú samstarfi við forráðamenn barnanna. Hún fer að mestu leiti fram þegar komið er með og barn sótt í skólann, en auk þess í gegnum tölvupóst og síma. Foreldrar eru boðaðir í að minnsta tvö formleg foreldraviðtöl á skólaárinu. Eitt að hausti, þar sem fer fram almenn umræða um barnið, líðan þess og þroska, og farið yfir upplýsingar um barnið. Annað að vori þar sem farið er yfir hvernig barninu gengur í leik og starfi í skólanum. Það eru deildastjórar hverrar deildar sem sjá um þessi viðtöl. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi á komandi skólaári. Þessi tvö formlegu viðtöl fóru að mestu leiti fram eins og til stóð á skólaárinu 2020 - 2021.

Á haustin eru skipulagðir foreldrafundir þar sem farið er yfir áherslur deilda og vetrarstarfið kynnt. Þessir fundir hafa verið í kringum miðjan september. Á skólaárinu 2020 – 2021 þurfti því miður að fella þessa fundi niður vegna Covid19, en upplýsingum komið til foreldra á annan hátt.

Við skólann er starfandi foreldráð, samkvæmt lögum, auk þess er starfandi foreldrafélag. Stjórn foreldrafélagsins innheimtir kr. 6000 á ári í gjöld. Stjórn foreldrafélagsins fundar um það bil einu sinni í mánuði og er haldinn aðalfundur að hausti. Í stjórninni er formaður, gjaldkeri og ritari auk um það bil 5 aðrir stjórnarmenn. Stjórnin skipuleggur ýmsa viðburði til hliðar við skólastarfið, þar sem öll börn og foreldrar hafa tækifæri til að hittast og eiga notalega stund saman.



Foreldraráðið er skipað þremur fulltrúum foreldra auk leikskólastjóra. Það fundar eftir þörfum og kemur að starfi skólans t.d. varðandi sumarlokanir og yfirllestur á námskrá og starfsáætlun. Á skólaárinu fengu þau einnig beiðni frá Skóla- og frístundasviði um að skila umsögn um skýrslu stýrihóps á vegum borgarinnar um umbætur og skipulagi á leikskólastarfi.

Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Eftirtalda daga er lokað í Græ nuborg vegna samstarfs- og skipulagsdaga starfsfólks, gert er ráð fyrir sex heilum skipulagsdögum á ári, í sumum tilfellum er heill dagur skipt niður í tvo hálfa daga. Eftirtaldir dagar verður lokað í Græ nuborg vegna samstarfs- og skipulagsdag, birt með fyrirvara um breytingar:

- 23. ágúst 2021, mánudagur, heill dagur
- 22. október 2021, föstudagur, heill dagur, vetrarfrí í grunnskóla
- 3. janúar 2022, mánudagur, heill dagur, heill dagur, vetrarfrí grunnskóla
- 7. febrúar 2022, mánudagur, heill dagur
- 1. apríl 2022, föstudagur, heill dagur
- 20. maí 2022, föstudagur, hálfur dagur eftir hádegi
- 5. júlí 2022, þriðjudagur, hálfur dagur eftir hádegi

Fylgigögn

FYLGISKJAL - SKÓLADAGATAL

FYLGISKJAL - UMSÖGN FORELDRARÁÐS

Ágúst 2021
Fyrir hönd Græ nuborgar
Gerður Sif Hauksdóttir
Leikskólastjóri



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022
Grænaborg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hildur Björgvinsdóttir
Arnar Þór Sigurjónsson
Hlynur Johnsen

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.



Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Áframhaldandi heimsfaraldur hafði töluverð áhrif á leikskólastarfið síðastliðin vetur eins og glögglega kemur fram í starfsáætluninni.

Er það mat foreldraráðsins að stjórnendur og starfsfólk skólans hafi leyst áframhaldandi áskoranir vegna Covid-19 með miklum sóma, bæði hvað varðar upplýsingaflæði til foreldra en fyrst og fremst í því að halda skólanum opnum eins og kostur var, með þeim hætti að börnin og foreldrar voru almennt ánægð. Börnin höfðu flest aðlagð sig að þessum aðstæðum undangenginn vetur, og voru von því að kveðja foreldra fyrir utan, þvo hendur við komuna í skólann og að leika með minna dót en fyrir tíma faraldurs. Með góðri aðkomu starfsfólks, reynslunni ríkari frá vorinu 2020, var leikskólastarfið með besta móti miðað við aðstæður.

Foreldraráð er almennt séð ánægt með starfið á deildum skólans og má þá sérstaklega nefna vísindasmiðju Sólskinsdeildar og hópafyrirkomulag í fataklefa Dropadeildar. Þar að auki er ánægja með þá áherslu að fara í göngu- og vettvangsferðir út fyrir skólalóðina eins og kostur er. Samskipti deilda við foreldra hafa tekið framförum í gegnum Völu, en má þó enn bæta, einkum hvað varðar að koma á framfæri upplýsingum og myndefni frá starfinu. Foreldraráð saknar þess að hægt sé að deila myndum frá deildunum á sameiginlegu svæði. Það er sérstakt ánægjuefni að sjá áherslu lagða á að bæta þennan þátt með hjálp Völu í umbótaáætlunum flestra deilda fyrir næsta vetur.



Foreldraráðið tekur undir með fyrri ráðum undanfarin ár um að innra mat Grænuborgar sýni mikinn metnað fyrir því að kortleggja starfið og er þátttaka barnanna mikilvægur liður í því. Jafnvel mætti taka það skrefinu lengra og vera með nafnlausa könnun fyrir foreldra einu sinni á ári til að fá þeirra sýn á starfið í skólanum.





Leikskóladagatal 2021 - 2022

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 S		1 M		1 F	Starfsdagur 1/1	1 M		1 M	Piparkökukaffi á Stjórnueld	1 L	Nýársdagur	1 Þ		1 Þ	Sprengidagur	1 F	Starfsdagur 1/1	1 S	Verkalýðsdagurinn	1 M		1 F	
2 M	Frídagur verslunarmanna	2 F		2 L		2 Þ		2 F	Piparkökukaffi á Sólskinseld	2 S		2 M		2 M	Oskudagur Böningaball í sal	2 L		2 M		2 F		2 L	
3 Þ	Sumarleyfi	3 F		3 S		3 M		3 F		3 M	Starfsdagur 1/1	3 F		3 F		3 S		3 Þ		3 F		3 S	
4 M	Sumarleyfi	4 L		4 M		4 F		4 L		4 Þ		4 F		4 F		4 M		4 M		4 L		4 M	
5 F		5 S		5 Þ		5 F		5 S		5 M		5 L		5 L		5 Þ	Barnamenningarhátíð	5 F		5 S	Hvítasunnudagur	5 Þ	Starfsdagur 1/2
6 F		6 M		6 M		6 L		6 M		6 F	Þrettándinn	6 S	Dagur leikskólans	6 S		6 M	Barnamenningarhátíð	6 F		6 M	Annar í Hvítasunu	6 M	Sumarleyfi
7 L		7 Þ		7 F		7 S		7 Þ		7 F		7 M	Starfsdagur 1/1	7 M		7 F	Barnamenningarhátíð	7 L		7 Þ		7 F	Sumarleyfi
8 S		8 M	Dagur læsis	8 F		8 M	Baráttudagur gegn einelti	8 M		8 L		8 Þ		8 Þ		8 F	Barnamenningarhátíð	8 S	Mæðradagurinn	8 M		8 F	Sumarleyfi
9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 M		9 M		9 L	Barnamenningarhátíð	9 M		9 F		9 L	
10 Þ		10 F		10 S		10 M		10 F		10 M		10 F		10 F		10 S	Barnamenningarhátíð Pálmásunnudagur	10 Þ		10 F		10 S	
11 M		11 L		11 M	Foreldravöðol hefjast	11 F		11 L		11 Þ		11 F	Dagur íslenska táknaðsins	11 F		11 M		11 M		11 L		11 M	Sumarleyfi
12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 L		12 L		12 Þ		12 F		12 S	Sjómanna dagurinn	12 Þ	Sumarleyfi
13 F		13 M		13 M		13 L		13 M	Jólaeikrit	13 F		13 S		13 S		13 M		13 F		13 M		13 M	Sumarleyfi
14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 M		14 M	Foreldravöðol hefjast stærðfræðinnar	14 F	Skírdagur	14 L		14 Þ		14 F	Sumarleyfi
15 S		15 M		15 F		15 M		15 M		15 L		15 Þ		15 Þ		15 F	Föstudagurinn langi	15 S		15 M		15 F	Sumarleyfi
16 M		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar tungu	16 F		16 S		16 M		16 M		16 L		16 M		16 F		16 L	
17 Þ		17 F		17 S		17 M		17 F	Jólaball í sal	17 M		17 F		17 F		17 S	Páskadagur	17 Þ		17 F	Lýðveldisdagurinn	17 S	
18 M		18 L		18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 F		18 M	Annar í páskum	18 M		18 L		18 M	Sumarleyfi
19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 L		19 L		19 Þ		19 F		19 S		19 Þ	Sumarleyfi
20 F		20 M	Foreldrafundur Sólskinseld	20 M		20 L	Dagur mannréttinda barna	20 M	Jólaeikrit	20 F		20 S	Konudagur	20 S		20 M		20 F	Sveitaferð í.h. Starfsdagur 1/2 e.h.	20 M		20 M	Sumarleyfi
21 L		21 Þ	Foreldrafundur Stjórnueld	21 F		21 S		21 Þ		21 F	Þorrablót í sal	21 M		21 M		21 F	Sumardagurinn fyrsti	21 L		21 Þ		21 F	Sumarleyfi
22 S		22 M	Foreldrafundur Mánadeild	22 F		22 M		22 M		22 L		22 Þ		22 Þ		22 F		22 S		22 M		22 F	Sumarleyfi
23 M	Starfsdagur 1/1	23 F		23 L	Fyrsti vetrardagur	23 Þ		23 F	Þorláksmessa	23 S		23 M		23 M		23 L		23 M		23 F		23 L	
24 Þ	Aðlögun hefst	24 F		24 S		24 M		24 F	Aðfangadagur jóla	24 M		24 F		24 F		24 S		24 Þ		24 F		24 S	
25 M		25 L		25 M		25 F		25 L	Jóladagur	25 Þ		25 F		25 F		25 M		25 M		25 L		25 M	Sumarleyfi
26 F		26 S	Evrópski tungumáladagurinn	26 Þ		26 F		26 S	Annar í jólum	26 M		26 L		26 L		26 Þ		26 F	Uppstigningardagur	26 S		26 Þ	Sumarleyfi
27 F		27 M	Foreldrafundur Dropadeild	27 M		27 L		27 M		27 F		27 S		27 S		27 M		27 F		27 M		27 M	Sumarleyfi
28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ		28 F		28 M	Bolludagur	28 M		28 F		28 L		28 Þ		28 F	Sumarleyfi
29 S		29 M		29 F		29 M	Piparkökukaffi á Dropadeild	29 M		29 L				29 Þ		29 F		29 S		29 M		29 F	Sumarleyfi
30 M		30 F		30 L		30 Þ	Piparkökukaffi á Mánadeild	30 F		30 S				30 M		30 L		30 M		30 F		30 L	
31 Þ				31 S				31 F	Gamlársdagur	31 M				31 F				31 Þ				31 S	

Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.